

Priðjudaginn 30. nóvember 1982.

Nr. 154/1982. **Ákærvaldið**

(Þórir Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Eiriki Stefánssyni**

(Haraldur Blöndal hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Guðjón Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Suður-Múla-sýslu, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu er áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 28. maí 1982. Af hálfu ákærvalds er krafist þyngingar refsingar. Fallið hefur verið frá tilvitnun til áfengis-laga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978, í ákæru 5. október 1981.

Ágrip málsskjala barst Hæstarétti 23. september sl.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu til refsí-ákvæða umferðarlaga svo og niðurstöður dómsins að öðru leyti en því, að refsing þykir hæfilega ákveðin varðhald 3 mánuði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, Eiríkur Stefánsson, sæti varðhaldi 3 mánuði. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndal hæstaréttarögmans, 3.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Suður-Múlasýslu 5. apríl 1982.****I.**

Mál þetta, sem dómtekið var fyrr í dag, er höfðað af ríkis-saksóknara með tveimur ákæruskjölum, dagsettum 5. október 1981 og 3. febrúar 1982, á hendur Eiríki Stefánssyni, Skólavegi 62, Búðum í Fáskrúðsfirði, fæddum 27. mars 1950 í Fáskrúðs-firði. Ákæru þessar hafa verið sameinaðar.

Ákæra, dagsett 5. október 1981.

Ákærði er saksóttur „fyrir að aka aðfaranótt miðvikudagsins 17. júní 1981 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni G 10176 heiman frá sér að verbúð H.F.F.B við Hafnargötu.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til svipt-ingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Í ákæru, dagsettri 3. febrúar 1982, er ákærði saksóttur „fyrir að aka laugardaginn 12. desember 1981 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni U 1174 frá Skólavegi 44 í Búðakaupstað, um götur þorpsins, þar til bifreiðin festist í skafli á Búðavegi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

**II.**

Ákæra, dagsett 5. október 1981.

Miðvikudaginn 17. júní 1981, kl. 0500, hringdi Sveinn Sig-mundsson til lögreglunnar á Fáskrúðsfirði og tilkynnti henni, að ákærði væri ölvaður við akstur bifreiðarinnar G 10176. Benedikt Helgi Benediktsson, lögreglumaður þar, hóf þegar leit að bifreið-inni og fann hana mannlauða við verbúð Hraðfrystihúss Fá-skrúðsfirðinga. Handtók Benedikt ákærða skömmu síðar á heim-ili Arnar Aðalsteinssonar, Hamarsgötu 12, og færði hann til heilsugæslulæknisins á Fáskrúðsfirði. Var blóðsýni tekið úr

ákærða kl. 0525. Ekki var unnt að taka skýrslu af ákærða sökum ölvunar hans, og var hann vistaður í fangageymslum lögreglunnar á staðnum.

Vitnið Sveinn Sigmundsson, Geststöðum, Fáskrúðsfjarðarhreppi, 21 árs, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það hafi verið í bifreið ákærða, G 10176, ásamt þeim ákærða og Sveini Orra Harðarsyni greinda nótt og hafi Sveinn Orri ekið um þorpið. Hafi verið ekið um þorpið í á að giska þrjá stundarfjórðunga. Hafi Sveinn Orri þá viljað hætta akstri og hafi hann lagt bifreið ákærða í bifreiðastæði við hemili ákærða, Skólavegi 62. Hafi ákærði gripið í stýri bifreiðarinnar, er Sveinn Orri ætlaði að beyja bifreiðinni inn í bifreiðastæðið, og hafi ákærði viljað beina bifreiðinni áfram eftir Skólavegi og ekki viljað, að Sveinn Orri hætti akstri. Hafi Sveini Orra tekist að taka á móti ákærða og sveigja bifreiðinni inn í stæðið. Hafi Sveinn Orri tekið lyklana úr kveikjulási bifreiðarinnar, en ákærði hafi þá ráðist á Svein Orra, vöðlað honum undir sig í framsætinu og náð af honum bíllyklunum.

Hafi Sveinn Orri náð að komast út úr bifreiðinni og hafi hann þá tekið svo til orða, að honum væri svo sem sama, þó ákærði dræpi sig á bifreiðinni. Hafi vitnið reynt að fá ákærða ofan af því að aka bifreiðinni, en það hafi ekki tekist. Hafi ákærði ekið bifreiðinni aftur á bak út úr stæðinu, spólað bifreiðinni af stað og ekið henni hratt út Skólavegin.

Vitnið kvaðst hafa verið lítillega undir áhrifum áfengis. Vitnið sagði, að sér hefði virst ákærði vera nokkuð drukkin þarna, en þó ekki ofurölvi.

Vitnið Sveinn Orri Harðarson, 19 ára, Hlíðargötu 32, Búðarhreppi, hefur skýrt svo frá, að það hafi ekið ákærða ásamt fleira fólki á dansleik á Stöðvarfirði greinda nótt á bifreið ákærða. Hafi ákærði þá verið nær ofurölvi. Hafi fólkið farið út úr bifreiðinni á Fáskrúðsfirði, en vitnið hafi síðan farið að aka ákærða um götur Búðakauptúns. Hafi Sveinn Sigmundsson komið í bifreiðina til þeirra.

Er vitnið hafi lokið akstri á bifreiðastæði við heimili ákærða, ætlaði það út úr bifreiðinni. Hafi ákærði þá ýtt við vitninu og hrifsað til sín lykla bifreiðarinnar. Hafi Sveinn Sigmundsson reynt að fá ákærða ofan af því að aka bifreið sinni, en þegar það tókst ekki, sagðist Sveinn ætla heim til sín að kalla til lögreglu. Hafi vitnið hlaupið á eftir Sveini, en séð þá, hvar ákærði ók bifreið sinni aftur á bak út úr bifreiðastæðinu og ók henni út

Skólaveginn, en bifreiðin hvarf sjónum vitnisins við pósthúsið á Skólavegi.

Samkvæmt vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði mældist 2.65% alkóhól í blóðsýni því, er tekið var úr ákærða.

Er ákærði kom fyrir dóm 7. september sl., kvaðst hann hafa verið mjög drukkinn greinda nótt og myndi hann ekkert eftir sér umrædda nótt frá því á dansleik á Stöðvarfirði þar til hann var heima hjá Erni Aðalsteinssyni. Er ákærða var birt ákæran 2. mars sl., kvaðst hann lítið muna eftir atvikalýsingu í ákæruskjali, en kvaðst þó muna til þess að hafa verið við akstur bifreiðar sinnar þessa nótt.

Með framburðum vitna, framburði ákærða sjálfs og niðurstöðu alkóhólrannsóknar á blóðsýni úr ákærða er sannað, að ákærði hafi greinda nótt ekið bifreið sinni, G 10176, undir áhrifum áfengis frá heimili sínu Skólavegi 62, Búðahreppi, og um götur Búðakauptúns, en ákærði var þá sviptur ökuréttindum ævilangt.

Varðar þessi háttsemi ákærða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978, eins og í ákæruskjali greinir.

Ákæra, dagsett 3. febrúar 1982.

Í skýrslu, dagsettri 12. desember 1981, skýrir Benedikt Helgi Benediktsson lögreglumaður svo frá, að hann hafi komið að bifreiðinni U 1174 fastri í snjóskafli á Búðavegi í Búðakauptúni um kl. 1050 þann dag. Svaf ákærði undir stýri bifreiðarinnar. Var ákærði færður á lögreglustöð staðarins, þar sem Benedikt tók skýrslu af honum á varðstjóraskýrluform. Tók heilsugæslulæknirinn á Fáskrúðsfirði blóðsýni úr ákærða á lögreglustöðinni, en ákærði var að því loknu vistaður í fangageymslu lögreglunnar, en var látinn laus kl. 1430 sama dag.

Í varðstjóraskýrslu lýsir Benedikt lögreglumaður ástandi og útliti ákærða þannig: Áfengisþefur af andardrætti: Sterkur. Andlit: Þrútið (Rjóður). Framkoma: Æstur, þrætugjarn. Augu: Rauð, blóðhlaupin. Jafnvægi: Mjög óstöðugt. Málfar: Þvöglulegt. Framburður: Ruglingslegur. Í skýrslu þessari neitar ákærði að hafa verið við akstur bifreiðarinnar, en kveðst hafa drukkið mjög mikið af íslensku brennivíni í bifreiðinni með kunningjum sínum frá kl. 1800 til kl. 1130 (sic.). Ákærði kveðst hafa sofið í mesta lagi 10 mínútur um nóttina.

Vitnið Pétur Einar Pétursson, 19 ára, Skólavegi 44, Búðum, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið við vindrykkju heima hjá sér þá um nóttina ásamt ákærða og fleira fólki. Vitnið kvaðst hafa verið mjög ölvað. Hafi fólkið farið að sofa um kl. 0700, en ákærði hafi þá gengið út úr húsinu og út í bifreið sína, er stóð við húsið. Hafi vitnið farið á eftir ákærða út í bifreiðina og hafi ákærði ekið af stað. Hafi ákærði ekið um kaптúnið, en vitnið mundi ekki, hversu lengi ökuferðin stóð yfir. Vitnið kvaðst hafa vaknað í bifreiðinni, er hjart var orðið af degi, og var bifreiðin þá kyrrstæð í kanti Búðavegar við brúna.

Vitnið kvað þá ákærða hafa neytt áfengis, á meðan ökuferðin stóð yfir. Það kvaðst vita, að ákærði var ölvaður við aksturinn, en kvaðst ekki geta tjáð sig nánar um ölvunarástand ákærða, því það hefði sjálfst verið ölvað.

Vitnið Kristmann Dan Jensson, 39 ára, Hamarsgötu 3, Búðum, skýrði svo frá fyrir dómi 2. mars sl., að einhvern tíma í desember sl. hefði það ekið í bifreið sinni ofan við bræðsluna á Búðum og hafi sonur vitnisins, Jens Dan, verið í bifreiðinni með vitninu. Hafi vitnið séð ákærða aka bifreið sinni á móti bifreið vitnisins. Vitnið kvaðst hafa farið heim til sín og reynt að ná til lögreglu, þar eð það vissi, að ákærði hafði ekki ökuréttindi.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð, hvort ákærði var ölvaður við aksturinn.

Vitnið fór heiman að frá sér að svipast um eftir lögreglu. Hafi það þá séð bifreið ákærða fasta í snjóskafli við brúna á Búðavegi, og var ákærði sofandi undir stýri bifreiðarinnar.

Vitnið Jens Dan Kristmannsson, 16 ára, Hamarsgötu 3, Búðum, hefur borið, að laugardagsmorgun einn í desember sl. hafi það verið með föður sínum í bifreið hans á Skólavegi. Hafi þeir þá séð ákærða aka bifreið sinni á móti þeim. Hafi faðir vitnisins ekið heim til þeirra og reynt að ná til lögreglu. Hafi faðir vitnisins síðan ekið vitninu á vinnustað þess.

Samkvæmt vottorði Rannsóknastofu í lyfjafraði mældist yfir 3% alkóhól í blóðsýni því, er tekið var úr ákærða.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann myndi ekki til þess að hafa ekið bifreið sinni í greint sinn.

Sannað er með framburðum vitna og niðurstöðum alkóhólrannsóknar á blóðsýni úr ákærða, sem eru studdar öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er saksóttur fyrir í ákæruskjali. Ákærði er ekki í ákæru saksóttur

fyrir brot gegn áfengislögum. Varðar háttsemi ákærða við þau ákvæði umferðarlaga, er vísað er til í ákæru.

### III.

Samkvæmt sakavottorði sínu hefur ákærði sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1975 14/3 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á áfengislögum og lögreglusamþykkt.
- 1975 13/11 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga og 106 gr., 2. mgr., hegningarlaga.
- 1976 12/8 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 55.000 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 159. gr. hegningarlaga, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 9. mars 1976.
- 1977 15/2 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1977 9/6 í Suður-Múlasýslu: Dómur: 60 daga varðhald fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 22. apríl 1977.
- 1977 25/10 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1977 12/7 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot gegn 244. gr., sbr. 256. gr. almennra hegningarlaga.
- 1978 22/8 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 50.000 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr. umferðarlaga.
- 1980 24/9 í Suður-Múlasýslu: Dómur: 30 daga varðhald fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 8. desember 1980.
- 1980 13/11 í Suður-Múlasýslu: Sátt, 25.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Í framangreindum dómi sakadóms Suður-Múlasýslu frá 24. september 1980 var ákærði sakfelldur fyrir 2 brot gegn áfengislögum og umferðarlögum. Ákveða ber refsingu ákærða með hliðsjón af 71. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir hún hæfilega ákveðin varðhald 60 daga.

Þá ber og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Eiríkur Stefánsson, sæti varðhaldi í 60 daga.  
Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt.  
Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

---

Miðvikudaginn 1. desember 1982.

Nr. 170/1982. **Pétur Einarsson**  
    gegn  
**Póstgíróstofunni.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Pétur Einarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Fimmtudaginn 2. desember 1982.

Nr. 12/1981. **Pétur Friðrik Sigurðsson**  
    (Jón E. Ragnarsson hrl.)  
    gegn  
**Guðmundi Axelssyni**  
    (Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Synjað um innsetningargerð. Málverk.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.